



## 38. FUNDUR VÍSINDA- OG TÆKNIRÁÐS 3 OKTÓBER 2019

### FUNDARGERÐ

**Fundartími:** Fimmtudagurinn 3. október 2019, kl. 13:00-15:00

**Fundarstaður:** Safnahúsið við Hverfisgötu

**Vísinda- og tækniráð:** Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Ragnheiður H. Magnúsdóttir formaður tækninefndar, Ragnhildur Helgadóttir formaður vísindanefndar, Ásdís Jónsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Halldór Björnsson, Hilmar Bragi Janusson, Jón Gunnar Bernburg, Margrét Helga Ögmundsdóttir Steinunn Gestsdóttir, Svana Helen Björnsdóttir, Sæmundur Sveinsson og Unnur Anna Valdimarsdóttir.,.

**Að auki sátu fundinn:** Hjördís Hendriksdóttir (ritaði fundargerð), Berglind Hallgrímsdóttir (NMÍ), Hallgrímur Jónasson (Rannís) Katrín Anna Guðmundsdóttir (fjármála- og efnahagsráðuneyti), Ragnhildur Arnljótsdóttir (forsætisráðuneyti), Sigríður Valgeirsdóttir (atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti) og Steinunn Halldórsdóttir (mennta- og menningarmálaráðuneyti).

**Gestur fundarins:** Daði Már Kristófersson (Háskóla Íslands).

Eftirfarandi gögnum var dreift í upphafi fundar:

- Stefnu Vísinda- og tækniráðs 2020-2022, uppfærð verkáætlun í október 2019.
- Framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar frá ágúst 2019.
- Minnisblaði Daða Más Kristóferssonar vegna úttektar á skiptingu styrkja til rannsókna og nýsköpunar eftir landssvæðum.
- Glærुकynningu Daða Más Kristóferssonar um úttekt á skiptingu styrkja til rannsókna og nýsköpunar eftir landssvæðum.

#### 1. Setning fundar

Drög að fundardagskrá samþykkt.

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt með einni breytingu, leiðréttingu á dagsetningu.

#### 2. Stefnumál

##### a) Stefnumótunarvinna ráðsins fyrir næstu stefnu fyrir árabilið 2020-2022

Formenn starfsnefnda ráðsins kynntu næstu skref í mótun nýrrar stefnu Vísinda- og tækniráðs (VTR). Frá því síðast var unnið að stefnumótun VTR hefur grettistaki verið lyft í stefnumótun á ýmsum vettvangi. Nefna má vinnu við nýsköpunarstefnu, starf nefndar um fjórðu iðnbýltinguna, framtíðarnefnd, stefnu Norðurlandaráðs o.fl. Mjög oft er samhljómur á milli stefnumíða og mikið af þeim línnum sem lagðar hafa verið eru í góðu samræmi við stefnu VTR. Æskilegt er að vinna yfirlit yfir það efni sem fyrir liggur frá stefnumótunarvinnu þessara aðila til að fá mynd af stöðu vinnunnar og leggja grunn að frekari vinnu VTR. Óskuðu formenn

vísinda- og tækninefnda eftir samráði og aðkomu fleiri ráðuneyta að stefnumótunarvinnu VTR.

Rætt var um að leggja meiri áherslu á framtíðarsýn en gert var í síðustu stefnu. Minnt var á mikilvægi miðlunar og lagt til að miðlun yrði samþætt inn allar aðgerðir stefnu VTR.

Forsætisráðherra lagði áherslu á að vinna við endurskoðun á lagaramma vísinda- og nýsköpunarmála, m.a. lög um VTR, ætti engin áhrif að hafa á stefnumótunarvinnuna framundan. Það væri ábyrgð og skylda ráðsins að vinna stefnu. Nefndirnar munu hljóta stuðning í formi ráðgjafar og utanumhalds.

#### **b) Framtíðarsýn norrænu ráðherranefndarinnar og áhersluatriði til 2024**

Forsætisráðherra sagði frá fundi norrænu ráðherranefndarinnar í ágúst s.l. þar sem fram kom skýr vilji norrænu ráðherranna að forgangsraða loftlagsmálum í norrænu samstarfi fram til ársins 2024 undir formerkjunum „græn Norðurlönd“, „samkeppnishæf Norðurlönd“ og „félagslega sjálfbær Norðurlönd“. Starf á vettvangi norrænu ráðherranefndarinnar mun á þessu árabili taka mið af ofangreindum áherslum og markmiðum.

Ráðið ræddi að áherslur norrænu ráðherranefndarinnar féllu vel að innlendum áherslum, m.a. varðandi hafið og jöklarannsóknir. Þetta væri ein af þeim samfélagslegu áskorunum sem skilgreindar hefðu verið. Bent var á að loftlagsmál hefðu marga snertifleti við heilbrigðismál, menntamál og velferðarmál. Þau tengdust enn fremur nýsköpun og þróun á grænum lausnum. Bent var á að guðfræðideild HÍ ynni að málstofu um loftlagsmál og kynjajafnrétti og að mikill áhugi væri innan þjóðkirkjunnar á þessum málefnum.

Ráðið ræddi óróa á hinu alþjóðlega pólitíska sviði sem tengist loftlagsbreytingum og umhverfismálum og svartsýni og kvíða ungs fólks fyrir framtíðinni. Það er mikil áskorun að bregðast við samfélagslegum breytingum og tæknibreytingum sem reyna á traust í samfélaginu. Þarna skiptir miðlun vísindamála miklu og hún þarf að gegna veigamiklu hlutverki í stefnu VTR.

#### **c) Staða aðgerða í aðgerðaráætlun ráðsins 2017-2019**

Farið var yfir stöðu aðgerða í aðgerðaáætlun VTR fyrir 2017 – 2019.

Aðgerð 3 um gerð áætlunar um miðlun vísinda og tækni frá háskólum og rannsóknarstofnunum til almennings, allra skólastiga og stjórnvalda, hefur frestast og lagt var til að aðgerðin yrði útfærð í næstu stefnu og aðgerðaáætlun. Bæði þyrfti að skýra hverju ætti að miðla (niðurstöðum rannsókna, miðlun um Vísinda- og tækniráð) og að hvaða hópum sú miðlun ætti að beinast (skólum, stjórnvöldum, almenningi og fagfólki). Fyrirsjáanlegt er að nokkur kostnaður hljótist af aðgerðinni.

Starfshópur um aðgerð 10 um opinn aðgang hefur skilað tillögum til mennta- og menningarmálaráðherra um opinn aðgang að rannsóknarniðurstöðum en það var mat hópsins að efla þyrfti stefnu á því sviði. Tillögum um opinn aðgang að rannsóknargögnum verður skilað undir lok árs. Í umræðum um aðgerð 10 kom fram að nágrannalönd Íslands væru að leita leiða til að opna aðgang að rannsóknagögnum og það væri mikilvægt að læra af þeim. Þeirri spurning var varpað fram hvort ríkið ætti að gera opinn aðgang að rannsóknagögnum að skilyrði fyrir opinberum stuðningi.

Bent var á að skortur væri á samræmdum aðferðum á milli stofnana við gagnasöfnun og framsetingu þeirra. Miklu magni gagna væri safnað saman og væri mikilvægt að þau nýttust sem best samfélaginu til heilla.

Bent var á að gögn væru ekki síður mikilvæg í þágu nýsköpunar en rannsókna. Gögn frá Landspítalanum hafa t.d. verið grunnur fjölda nýsköpunarverkefna. Auk þess er aðgangur að

skýrum heilbrigðisögnum afar mikiðvægur fyrir stefnumótun í heilbrigðismálum enda fari fjórðungur fjárlaga ríkisins í málaflokkinn.

**d) Grænbók um fjármögnun háskóla**

Kynnt var Grænbók mennta- og menningamálaráðuneytisins um fjárveitingar til háskóla. Markmið grænbókarinnar er að efla samráð og umræðu um stefnu um háskóla til að undirbúa endurskoðun á reglum 646/1999 um fjárveitingar til háskóla (reiknilíkan háskóla). Grænbókin fer í samráðsgátt um miðjan október og verður gefin út í byrjun nóvember n.k. Stefnt er að innleiðingu nýs reiknilíkans fyrir árið 2021. Starfshópur sem skipaður verður í samræmi við aðgerð 4 í Stefnu og aðgerðaáætlun VTR 2017-2019 mun bera ábyrgð á að halda vinnunni áfram og leggja fram tillögu að nýju reiknilíkani.

Í umræðum var rætt um hvort stýra ætti aðgengi og námsframboði með ríkari hætti en nú er gert. Þarna þyrfti að gæta að jafnvægi á milli stýringar og frelsis. Ef auka ætti aðgangsstýringu þyrfti líka að gæta að samræmdum mælingum á nemendum. Mikilvægt er að ígrunda þetta vel og ræða. Einnig þarf að taka tillit til nýrra mælikvarða í stefnumótun mennamála svo sem hamingju og velsæld fólks.

**e) Umræður**

**3. Niðurstöður framhaldsúttektar á framlagi til rannsókna og nýsköpunar eftir landshlutum 2014 – 2018**

Daði Már Kristófersson prófessor við HÍ kynnti framhaldsúttekt á framlögum til rannsókna og nýsköpunar eftir landshlutum 2014-2018, en fyrri niðurstöður voru kynntar á síðasta fundi VTR. Úttektin tekur m.a. til styrkja Rannsóknasjóðs, Tækniþróunarsjóðs, AVS rannsóknasjóðs í sjávarútvegi, Framleiðnisjóðs, sjóða Byggingastofnunar, Nýsköpunarmiðstöðvar, svo og skattafrádráttar vegna nýsköpunar sem nú er orðin þriðja stóra stöðin í stuðningi við rannsóknir og nýsköpun.

Í framhaldsúttektinni var tekið tillit til ítarlegri gagna en í þeirri fyrri þar sem einungis var tekið mið af póstnúmeri aðalumsækjanda. Í síðari úttektinni var horft til þess hvar á landinu verkefnavinnan hefði farið fram. Niðurstaða síðari úttektarinnar sýndi betri dreifingu fjármagns til landsbyggðarinnar en hin fyrri.

Meirihluti framlaga til rannsókna og nýsköpunar fór til höfuðborgarinnar, sem skýrist m.a. af því að þar eru flestir háskólar, rannsóknarstofnanir og fyrirtæki staðsett. Ekki var teljandi munur á árangurs hlutfalli umsækjenda milli landssvæða, en athygli vakti hversu mikið misræmi er í sókn í sjóðina á milli landshluta.

Ráðið ræddi niðurstöður úttektarinnar og möguleg viðbrögð. Formaður VTR óskaði eftir því að starfsnefndir ráðsins skoðuðu málið nánar.

**4. Fyrirkomulag vísinda- og tæknimála til framtíðar**

Boðað var að skýrsla vinnuhóps um endurskoðun á lagaumhverfi VTR verði kynnt á næsta fundi VTR sem fyrirhugaður er föstudaginn 22. nóvember 2019. Fjallaði nefndin m.a. um samsetningu ráðsins, það er hvort fækka ætti í ráðinu og hvort stofnanir ættu að eiga fulltrúa í því.

Fram komu sjónarmið ráðsmanna um að núverandi samsetning ráðsins þ.e. með ráðherrum, vísindafólki og fulltrúum fyrirtækja, væri að mörgu leyti góð og margvíslegar breytingar hefðu náðst fram með stofnun ráðsins. Þó þyrfti skoða umhverfi og umgjörð vinnu ráðsins og hið mikla vinnuframlag margra þeirra sem þar sitja sem geri þátttöku lítilla fyrirtækja, sem ekki geta séð af starfsmanni í svona vinnu, erfiða.

Ítrkað var að þrátt fyrir núverandi annmarka væri kerfið það skilvirkt að stefnur og aðgerðir ráðsins fara í framkvæmd. Málið verður rætt frekar á næsta fundi ráðsins.

## **5. Önnur mál**

Menntamálaráðherra tilkynnti að stjórn Innviðasjóðs hefði verið skipuð undir formennsku Margrétar Helgu Ögmundsdóttur.

## **6. Fundi slitið**

Fundi slitið kl. 15.07